

## Heilsa ehf. innkallar B-súper frá Gula miðanum:



Heilsa ehf. innkallar **B-súper** að kröfu Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur vegna þess að hún inniheldur of hátt magn B6 vítamíns miðað við efri öryggismörk EFSA. Varan inniheldur 50mg B6 í hverjum skammti en mörkin eru 25mg.

**Vöruheiti: B-súper 30 og 120 töflur**

**Vörunr: 00b30a og 00b20a**

**Stríkanr: 5690684000196 og 5690684000172**

**Framleiðslulota: Allar**

**Dagsetning: Allar**

Við biðjum alla sem hafa vöruna undir höndum að skila henni til sölustaðar gegn endurgreiðslu.

Varan hefur verið seld í eftirfarandi verslunum: Heilsuhúsinu, Lyfju, Lyfjum og Heilsu, Apótekanum, Apótekinu, Krónunni, Nettó, Urðarapóteki, Apótek Mos, Iceland, Lyfjaveri, Borgarapóteki, Fjarðarkaupum, Melabúðinni, Reykjanesapóteki, Garðsapóteki, Kaupfélagi Skagfirðinga og Austurbæjarapóteki.

Ef óskað er eftir frekari upplýsingum vinsamlegast hafið samband við Heilsu ehf í síma 517-0670

Heilsa ehf